

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Fundarboð frá

Sauðfjarræktarfélaginu Roða í Dyrhólahreppi.

Boðað er til umræðu og fræðslufundar um smitandi búfjárjúkdóma í jórturdýrum og varnir gegn þeim

Þriðjudaginn 12. janúar í Ketilsstaðaskóla kl. 20:30

Erindi flytja:

Dýralæknarnir Þorsteinn Ólafsson og Sigurður Sigurðarson

Efni fundarins og umræða verður sér í lagi um ákvörðun að leggja niður sauðfjárveikivarnarlínur í Vestur-Skaftafellssýslu eða allar varnarlínur frá Markafljóti að Sandgýgjukvísl.

Fundarboðandi óskar sérstaklega eftir að formenn sauðfjarræktarféлага í Eyjafjallahreppum og allri V-Skaftafellssýslu mæti og hreppsnefnd Mýrdalshrepps

Þá eru allir áhugasamir um þessi mál velkomnir á fundinn.

Stjórnin

1. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 6. JANÚAR 2010

SMÁAUGLÝSINGAR

www.kjarnval.is

289 kr./tbl. Alnir bláskórir

229 kr./tbl. Walsa bláskórir

399 kr./kg. Klenskar gullvörur

398 kr./tbl. HD skautar

459 kr./tbl. Kellogg's Corn Flakes

598 kr./tbl. Wafles morgunbráttur

15% KEA skýrdrýkur

398 kr./tbl. 12 Apple Juice

259 kr./tbl. 3 tegundir Parasóns pizza

298 kr./tbl. 3 tegundir Góða heingur

998 kr./tbl. 12 ystingar

Tilboð vikkunnar

998 kr./kg. Bautabúrs ungnautahakk

KJARNVAL

Auglýsing frá Heilsugæslunni á Klaustri

Vegna aðstæðna verða blóðprufur færðar á þriðjudaga héðan í frá, og læknir verður með stofutíma á þriðjudögum frá 9-12 og fimmtudögum frá 13-16 .

Heilsugæslan Klaustri

Fóður fyrir sauðfé!

Ærblanda - hágæða kjarnfóður fyrir sauðfé
Tranol - Fjölvítamínblanda með Selen og E-vítamíni
Himag - steinefnablanda



LÍFLAND
Ljónhalsveg 3 • Sími: 540 1100
Lónsbakka Akureyri • Sími: 540 1150
www.lifland.is

Endursöluaðili í Vík: Auðbert og Vigfús

Í háum björgum burnirótin grær.
Í brjósti mínu klettahjarta slær.

Þeir verða að klifra upp í björgin blá,
sem blíðu minni og ástum vilja ná

og sækja þangað burnirótarblóm.
Ég birti öllum þennan sama dóm.

Og árum saman sat ég ein og beið
og sá þá klifra - og hrapa á miðri leið.

Í morgun féllu fyrir björgin þrír.
- Ég fleygði þeim í saltin villidýr.

En hver sem fyrstur klífur þessa raun,
fær kóngsríkið og mig - í sigurlaun.

Davíð Stefánsson

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 28. desember 2009
til 4. janúar 2010

Alls voru 31 mál skráð þessa vikuna hjá lögreglunni á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 9 teknir fyrir að aka of hratt. Greinilega hefur dregið úr hraða, en sá sem hraðast ók var á 120 km hraða.

Áramótin voru mjög góð hjá okkur en þær samkomur sem voru á nýársnótt fóru vel fram í alla staði. Þó var einn tekinn ölvaður við akstur á Hvolsvelli á nýársdagsmorgun. Hann var fyrir sviptur ökuleyfi og hafði tekið bifreiðina í leyfisleysi. Mál hans fær venjulega afgreiðslu. Hann má búast við því að missa ökuleyfi sitt ævilangt.

Mjög fallett veður var þessa vikuna. Fullt tungl og norðurljósinn létu sjá sig hér í Vestur – Skaftafellssýslu.

Megi árið verða okkur farsælt og gott!
Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.

Engin sendingarkostnaður innan Íslands
Nýjar sendingar koma reglulega - skráið
ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar
sendingar koma reglulega - skráið ykkur á
póstlistann og fylgist með

Á DÖFINNI

Munið fund hjá Samherja föstudaginn
8. janúar kl. 15:00. Spilað bingó og fleira.

Ólafur Steinar á Reyni verður 40 ára laugardaginn 9. janúar n.k. Af því tilefni býður hann vinum og sveitungum til veislu á Hótel Dyrhólaey

Leyndarmál blómanna

Hún sagði íhugul einu sinni
yndið, hún dóttir mín:

“Hvers vegna eru þau svona sælleg
á svipinn, öll blómin þín?”

Mig langar að vita, hví vaxa þau svona
vetur, sumar og haust,
og blómstra til skiptis eða öll í einu
er það ei dæmalaust?”

Ég svaraði fáu, en Salvíu splendesn
í suðurglugganum leit,
með logarauð blóm í laufi grænu
ljóma eins og fyrirheit.

Og jólakactus og Jakobsklukka
-jurtin sú klifrar hátt-
álfabikar og begónía
sig beygðu í sólarátt.

En leyndarmálið um blessuð blómin
-ég bið ykkur fyrir það:
Ég læðist bara inn, þá aðrir sofa,
með ilmandi - hrossatað.

Höf: Elínborg Brynjólfsdóttir
(Tekið úr blaðinu, Húsfreyjan)

Vara janúarmánaðar hjá Volare:



Aloe Vera sápuþvottur sturtugel
með deodorant

Fullt verð kr. 2.870.-
20% afsláttur kr. 2.300.-

MÁLSHATTUR VIKUNNAR

Af vondum lögum versna siðir.
Aldraða láttu ofarlega sitja.
Aldrei er góðum liðsmanni ofaukið.
Aldrei er góð vísa of oft kveðin.
Aldrei er of seint gott að gjöra.
Aldrei er sá einn, sem nýtur samneytis góðra hugsana.
Aldrei er svo brot bætt, að betra sé eigi heilt.
Alla brestur eitthvað.



Viðurkenning við starfslok; f.v. Birgir Hinriksson, Guðmunda Ólafsdóttir og Guðmundur Geir Gunnarsson. Á myndina vantar þau Áslaugu Eiríksdóttur og Magnús Eyjólfsson.

Áramótakaffi hjá MS-Selfossi

Á gamlársdag var hefðbundin dagskrá hjá starfsfólki MS-Selfossi en hefð er fyrir því að hittast í kaffitímanum kl. 9:30 þennan dag. Guðmundur Geir Gunnarsson mjólkurbússtjóri flutti ávarp, rakti það helsta sem gerst hefur á árinu og gerði grein fyrir stærstu verkefnum sem framundan eru.

Að ávarpi loknu voru veittar starfsaldursviðurkenningar og starfsmenn sem létu af störfum á árinu kvaddir. Alls hlutu 15 starfsmenn starfsaldursviðurkenningu það voru:

Bjarni Ingimarsson, vélvirki 10 ár
Bjarni Ólafsson, vélvirki 10 ár
Grétar Páll Gunnarsson, vöruafgreiðsla 10 ár
Kristinn Ólafsson, bílstjóri 10 ár

Ólafur Unnarsson, matvælafræðingur 10 ár
Rúnar Þór Larsen, mjólkurfræðingur 10 ár
Tryggvi Magnússon, húsvörður 10 ár
Guðlaug Lára Guðmundsdóttir, mjólkurfræðingur 20 ár
Kristinn Pálmason, mjólkurfræðingur 20 ár
Vilbergur Prebensson, mjólkurfræðingur 20 ár
Jón Magni Ólafsson, mjólkurfræðingur 30 ár
Jónas Lilliendahl, mjólkurfræðingur 30 ár
Steinþór Guðjónsson, mjólkurfræðingur 30 ár
Þyri Axelsdóttir, móttaka 30 ár
Pétur H.R. Sigurðsson, mjólkurfræðingur 40 ár

Fjórir starfsmenn voru kvaddir, það voru þau Birgir Hinriksson mjólkurbílstjóri, Magnús Eyjólfsson sem starfði í vöruafgreiðslu, Guðmunda Ólafsdóttir söludeild og Áslaug Eiríksdóttir söludeild.



Matvælastofnun

í samráði við sveitarstjórnir boðar til opins fræðslufundar með sauðfjárbændum í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2010 kl. 13.00 - 15.30 í Félagsheimilinu Heimalandi undir Eyjafjöllum.

Á fundinn mæta af hálfu Matvælastofnunar yfirdýralæknir, dýralæknir sauðfjársjúkdóma og héraðsdýralæknir.

Dagskrá:

1. Garnaveiki og aðrir sauðfjársjúkdómar
2. Varnarlínur og breytingar á þeim
3. Önnur mál

Halldór Runólfsson
Yfirdýralæknir

Handavinnudagur

í Tunguseli

Sunnudaginn 10. janúar kl. 13-17.

Hvetjum alla til að koma með handavinnu eða hvað sem fólki dettur í hug, t.d. vinna úr hrosshári.

Kaffi á könnunni

Kvenfélag Skaftártungu
og kvenfélagið Framtíðin í Álftaveri.





Á aðventunni skreyttu þessar framtaksömu og duglegu stelpur piparkökur og seldu á Kirkjubæjarklaustri. Þær eru báðar sjö ára og heita Erna Salome Þorsteinsdóttir t.h og Sólrún Lára Sverrisdóttir t.v.

Ágóðann kr. 2.800.- afhentu þær Klaustursdeild Rauðakrossins sem færir þeim bestu þakkir fyrir.



Fv. Tómas Pálsson, Ólafur Steinar Björnsson, Magnús Ingimarsson, Grétar Einarsson og Ragnhildur Jónsdóttir með útigöngu kindina.

Það er lengi von á að finna kindur úti í Mýrdalnum, landslagið býður upp á að þær geti leynst og oft kostar það töluverða vinnu og brólt að ná þeim. Tveir göngugarpar gengu fram á tvær kindur framarlega í Heiðargili og var þegar hóað saman mannskap til að ná þeim enda fyrsti snjór vetrarins fallinn og því harnar fljótt á dalnum hjá útigöngufénaði. Ferðin gekk vel og náðust báðar kindurnar heilar á húfi, en snara þurfti aðra sem setti sig mjög tæpt í kletthillu. Kindurnar sem eru veturgömul ær og lambhrútur eru frá Ólafi Steinari Björnssyni og Bergþóru Ástþórsdóttur á Reynir í Mýrdal.

Mynd og texti: Jónas Erlendsson

KJARVAL

Útsala

30%
afsláttur af

Búsáhöldum
Gjafavörum
Raftækjum

KJARVAL

Klaustur 487 4616-Vík 487 1325-Hvolsvöllur 585 7590-Þorlákshöfn 585 7596-Hella 585 7585

TUNGLIÐ OG ÞJÓFURINN

Um tunglið sér í lagi er þessi saga.

Einu sinni var sauðþjófur sem settist niður á afviknum stað með feitt sauðarlæri (aðrir segja bringukoll) í hendinni sem hann hafði stolið og ætlaði að snæða það þar í makindum.

En tunglið skein skært og bjart því engin skýská var á lofti.

Þjófurinn ávarpaði þá tunglið þessum ósvífnisorðum og rétti um leið upp á móti því hnífinn með ketbita á oddinum:

Viltu, tungl,
þér á munn
þenna bita feitan?

Þá svaraði honum aftur rödd af himni:

Viltu, hvinn,
þér á kinn,
þenna lykil heitan?

Í sama bili féll glóandi lykill úr hálofti beint niður á kinn þjófsins og brenndi á hann brennimark og bar hann örið eftir æ síðan.

Sagan er alkunn bæði á Suðurlandi og Norðurlandi og sagt að af þessu hafi sá siður verið tekinn upp sem algengur var á fyrri öldum að brennimerkja þjófa en þó var það gjört á ennið en ekki kinnina.

Úr Þjóðsögum

